

Föstudaginn 25. febrúar 1983.

Nr. 24/1983. Háskólabíó og Laugarásbíó

gegn

Bóroddi Stefánssyni

persónulega

og f. h. Videoleigunnar.

Kærumál. Stef nubirting. Frávísunarsómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðiljar hafa samkvæmt heimild í b lið 1. tl 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 7. janúar 1983, en lögmaður þeirra fékk vitneskju um dóminn 6. s. m. Kæran barst Hæstarétti 28. janúar 1983.

Sóknaraðiljar gera þær dómkröfur, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar.

Mál þetta er höfðað á hendur stefnda persónulega og f. h. Videoleigunnar, Langholtsvegi 176, Reykjavík.

Í vottorði stefnuvotta um birtingu stefnu segir, að hún hafi verið birt „... fyrir Lilju Kristjánsdóttur í fyrirtæki stefnda og vinnustað hennar Hafnarstræti 20 hér í borg. . .“. Ekki kemur fram í vottorðinu, hvaða fyrirtæki stefndi er talinn reka að Hafnarstræti 20, og ekki hefur það verið upplýst með öðrum hætti. Þykir því mega fallast á með héraðsdómaranum, að ekki sé fram komið, að stefnubirting hafi farið fram samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936.

Verður hinn kærði frávísunardómur því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er staðfestur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. desember 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. nóv. 1982, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 4. maí sl., af Laugarásbíói, Hrafnistu, Reykjavík, nnr. 6052-3886, og Háskólabíói, Hagatorgi, Reykjavík, nnr. 3808-0008, gegn Þóroddi Stefánssyni verslunarmanni, Nönnufelli 1, Reykjavík, nnr. 9174-6993, persónulega og fyrir hönd firmans Videoleigunnar, Langholtiavegi 176, Reykjavík, sem einkaeiganda firmans. Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að staðfest verði lögban, sem lagt var með úrskurði borgarfégetans í Reykjavík, uppkveðnum 26. apríl 1982, við útleigu, útlánun og sölu stefnda á myndbandssnældum með kvikmyndum, sem eru eign kvikmyndaveranna Paramount Pictures og Universal Pictures eða beint eða óbeint háðar umsjón þeirra, en framleiddar og seldar af C.I.C., London.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum skaðabætur ásamt dómvöxtum frá birtingardegi stefnu þessarar.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum miskabætur að fjárhæð kr. 15.000.00 ásamt dómvöxtum frá birtingardegi stefnu þessarar.
4. Að dæmt verði, að myndbönd í fórum stefnda með myndefni frá stefnendum verði án endurgjalds gerð upptæk til handa stefnendum.
5. Að stefndi verði dæmdur til þyngstu refsingar, er lög leyfa.
6. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað skv. mati réttarins, þar á meðal kostnað við framangreint lögban.

Stefnendur kveða málavexti vera þá, að þeir hafi hinn 11. des. 1981 gert samning Cinema International Corporation-video (C.I.C.-video) (sic), 138-139 Piccadilly, London, þar sem nefnt fyrirtæki hafi veitt þeim óskoraðan einkarétt á að kaupa fyrirfram áteknar myndbandssnældur með kvikmyndum, sem séu eign eða beint eða óbeint háðar umsjón bandarískra kvikmyndavera Paramount og Universal og hafi verið framleiddar af C.I.C.-video.

Samningur þessi hafi verið tímabundinn og gildi til 31. desember 1982, en á gildistíma hans hafi stefnendur óskoraðan einkarétt á að leigja myndbandssnældurnar almenningi til heimanotkunar hér á landi. Jafnframt hafi hinn erlendi viðsemjandi þeirra lagt fyrir þá að beita öllum nayðsynlegum úrræðum til að hindra óheimila fjölföldun, sölu, leigu eða opinberan flutning, útsendingu eða sýningu á Íslandi á áteknum myndbandssnældum, sem hafi að geyma kvikmyndir frá Paramount og Universal.

Um og upp úr síðustu áramótum kveðast stefnendur hafa komist að því, að stefndi ásamt fjölmörgum öðrum hafi stundað útleigu myndbandssnældna, er hafi haft að geyma kvikmyndir í eign eða undir umsjón Paramount og Universal.

Stefnendur kveða stefnda hafa verið sent bréf hinn 5. mars 1982, þar sem honum hafi verið gerð grein fyrir heimildarleysi hans að því er varði útleigu á myndefni frá C.I.C.-video og jafnframt hafi honum verið boðið að ganga til samninga um bætur til handa stefnendum, en þessu hafi stefndi ekki sinnt og haldið áfram útleigu, sem loks hafi verið stöðvuð með lögbannsráskurði fógetaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 26. apríl sl.

Stefnendur kveðast byggja kröfur sínar í máli þessu á því, að þeir hafi með samningum við C.I.C. öðlast rétt til að nýta hér á landi í fjárhagslegu augnamiði höfundarétt að kvikmyndaefni í eigu eða undir umsjón Paramount og Universal og jafnframt tekist á herðar að koma í veg fyrir óheimila meðferð annarra aðilja á höfundarétti að kvikmyndum á myndbandsnældum háðum höfundarétti Paramount og Universal. Stefndi hljóti að hafa vitað, þegar hann hóf útleigustarfsemi sína, að efnið væri ekki einskis manns eign og hann því orðið að afla sér heimildar til fjárhagslegra nytja myndefnis hjá eiganda þess.

Stefnendur styðja kröfur sínar eftirfarandi lagarökum: Varðandi heimild sína til að leita réttar hér á landi vegna ætlaðs brots stefnda á höfundarétti vísa þeir til 1. og 2. tl. 4. gr. fylgiskjals I með auglýsingu nr. 110/1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið. Í því sambandi er einnig vísað til 1. mgr. 8. gr. laga um höfundarétt nr. 73/1972.

Vegna lögbannskröfu stefnenda er vísað til 2. og 3. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um höfundarétt nr. 73/1972, sbr. 2. og 4. tl. 14. gr. fylgiskjals I með auglýsingu nr. 110/1947 í Bernarsambandið, sbr. lög nr. 74/1974. Skaðabótakrafa og krafa um miskabætur byggist á 56. gr. laga um höfundarétt nr. 73/1972. Vegna kröfu stefnenda um upptöku myndbanda er vísað til 1. mgr. 51. gr. um höfundarétt nr. 73/1972, og vegna kröfu stefnenda um refsingu stefnda er vísað til 1. tl. 2. mgr. 54. sömu laga.

Í sókn er tilgreind fjárhæð skaðabótakröfu þeirrar, sem stefnendur máls þessa gera á hendur stefnda, og þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 705.600.00 með dómvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, enda er honum ekki löglega birt stefnan.

Í vottorði stefnuvotta Reykjavíkur segir m. a.: „Ár 1982, þriðjudaginn 4. 5. kl. 14.12 birtum við undirritaðir stefnuvottar Reykjavíkur þessa stefnu á Þórodd Stefánsson f.h. Videoleigan, Langholtsvegi 176, og persónulega fyrir Lilju Kristjánsdóttur í fyrirtæki stefnda og vinnustað hennar Hafnarstræti 10 hér í borg og afhentum henni endurrit af stefnunni, sem hún lofaði að afhenda stefnda, er var fjarverandi. . .“

Í 95. gr. laga nr. 85/1936 er tæmandi upptalning á þeim stöðum, þar sem birta má stefnu. Stef nubirting í máli þessu hefur eigi farið fram á nein-

um þeim stað, er tilgreind 95. gr. heimilar. Verður því þegar af þeim sökum að vísa máli þessu frá dóm án kröfu. Málskostnaður dæmist ekki.

Þórhildur Lindal, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þess er vísað frá dómi án kröfu. Málskostnaður dæmist ekki.

Mánudaginn 28. febrúar 1983.

Nr.182/1982. **Ragnhildur Þórólfsdóttir**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Þórönnu Hafðisi Þórólfsdóttur

(Árni Halldórsson hrl.)

og

Boga Nilssyni, skiptaráðanda

í Suðurmúlasýslu

(enginn).

Erfðamál. Skipti. Óskilgetin börn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Hinn áfrýjaða úrskurð kvað upp Inger L. Jónsdóttir, fulltrúi sýslumannsins í Suður-Múlasýslu.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1982. Ágrip máls barst Hæstarétti 17. nóvember 1982.

Áfrýjandi krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að dæmt verði, að áfrýjandi eigi erfðarétt eftir Þórólf Sölvason. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu, Þórönnu Hafðisar Þórólfsdóttur, í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda, Þóranna Hafðis, krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.